



Reglur Félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps um sérstakan húsnæðisstuðning.

(Félagsþjónusta Stranda og Reykhólahrepps er sameiginleg félagsþjónusta sveitarfélaganna, Árneshrepps, Kaldrananeshrepps, Reykhólahrepps og Strandabyggðar)

I. Almenn ákvæði

1. gr.

Markmið

Sérstakur húsnæðisstuðningur er ætlaður þeim fjölskyldum og einstaklingum sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði eða eru með íþyngjandi húsnæðiskostnað sökum lágra tekna, lítilla eigna, þungrar framfærslubyrðar og annarra félagslegra erfiðleika. Aðstæður umsækjenda eru metnar út frá ákveðnum viðmiðum.

Sérstakur húsnæðisstuðningur er fjárstuðningur til greiðslu húsaleigu í félagslegu húsnæði eða á almennum markaði umfram húsnæðisbætur.

2. gr.

Lagagrundvöllur

Sérstakur húsnæðisstuðningur er veittur á grundvelli 45. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og byggjast meginreglur þeirra laga einkum á 1. gr. og IV. kafla. Ákvörðun um sérstakan húsnæðisstuðning er því tekin á grundvelli mats, sem tekur til tekna og eigna, framfærslubyrði og félagslegra aðstæðna, sbr. 1. gr.

Sérstakur húsnæðisstuðningur er veittur í samhengi við félagslega ráðgjöf sbr. V. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Markmið ráðgjafar er að veita upplýsingar og leiðbeiningar um félagsleg réttindamál annars vegar og stuðning vegna félagslegs og persónulegs vanda hins vegar. Ráðgjöf í húsnæðismálum er veitt í samvinnu við aðra þá aðila sem veita húsnæðisstuðning, m.a. Húsnæðis og mannvirkjastofnun vegna húsnæðisbóta, Íbúðalánasjóð vegna stofnframlaga og hlutaðeigandi rekstraraðila vegna úthlutunar á húsnæðisúrræðum.

Sérstakur húsnæðisstuðningur er einnig veittur í samhengi við fjárhagsaðstoð til framfærslu sbr. VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga að teknu tilliti til heimildargreiðslna skv. reglum Félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps.

3. gr.

Samspil við önnur stuðningsform

Sérstakur húsnæðisstuðningur sveitarfélaga er veittur að teknu tilliti til annarra stuðningsforma. Almenn gildir að sérstakur húsnæðisstuðningur kemur til viðbótar húsnæðisbótum samkvæmt lögum nr. 75/2016. Leiði mat skv. 2. gr. til þeirrar niðurstöðu að önnur stuðningsform nægi ekki til þess að tryggja húsnæðisöryggi og sýni að umsækjandi (einstaklingur eða fjölskylda) geti ekki staðið undir húsnæðiskostnaði kemur til veitingar á sérstökum húsnæðisstuðningi.

4. gr.

Skilgreiningar

Sérstakur húsnæðisstuðningur: Fjárstuðningur til greiðslu á húsaleigu til viðbótar húsnæðisbótum sem veittar eru á grundvelli laga um húsnæðisbætur nr. 75/2016.

Húsnæðisbætur: Mánaðarlegar greiðslur til lækkunar á húsnæðiskostnaði efnaminni leigjenda íbúðarhúsnæðis hér á landi.

Húsnæðiskostnaður: Sá hluti fjárhæðar sem greiddur er samkvæmt samningi um leiguafnot af húsnæði. Aðrar greiðslur og kostnaðarþættir sem leigjanda ber að greiða samkvæmt samningi eða lögum, svo sem fyrir hita, vatn, rafmagn, hússjóð, viðhald o.fl., teljast ekki til húsnæðiskostnaðar.

II. Umsóknir

5. gr.

Auglýsingar

Félagsþjónusta Stranda og Reykhólahrepps auglýsir eftir umsóknum um sérstakan húsnæðisstuðning. Í auglýsingu skulu koma fram helstu atriði reglna Félagsþjónustunnar um sérstakan húsnæðisstuðning. Þó er alltaf hægt að skila inn umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning.

6. gr.

Umsókn og ákvörðunartaka

Félagsþjónusta Stranda og Reykhólahrepps annast móttöku og afgreiðslu umsókna um sérstakan húsnæðisstuðning. Heimilt er að sækja um sérstakan húsnæðisstuðning einn mánuð aftur í tímann frá umsóknardegi.

Umsóknir skulu berast skrifstofu félagsþjónustunnar á þar til gerðum eyðublöðum sem nálgast má á heimasíðu sveitarfélaganna. Einnig er hægt að fá eyðublöð á skrifstofu félagsþjónustunnar að Hafnarbraut 25 á Hól mavík. Umsókn skal undirrituð af öllum heimilismönnum, 18 ára og eldri, til staðfestingar á þeim upplýsingum sem þar koma fram. Með umsókn skulu fylgja nauðsynleg gögn. Við undirritun umsóknar veitir umsækjandi og aðrir heimilismenn, 18 ára og eldri, félagsþjónustunni heimild til að afla upplýsinga frá opinberum aðilum, svo sem Vinnumálastofnun, skattfyrirvöldum, Þjóðskrá Íslands, Lánasjóði íslenskra námsmanna og sýslumönnum. Sama gildir um heimild til að afla upplýsinga frá öðrum aðilum, svo sem viðurkenndum menntastofnunum innan hins almenna menntakerfis og leigusölum íbúðarhúsnæðis, sem nauðsynlegar eru við afgreiðslu umsóknar. Hið sama á við um öflun nauðsynlegra upplýsinga frá sambærilegum aðilum erlendis þegar við á. Hafi umbeðin gögn ekki borist 45 dögum frá umsóknardegi er umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning synjað. Þetta gildir þó ekki í þeim tilvikum ef töf á skilum á gögnum megi rekja til annarra aðila en umsækjanda.

Félagsmálastjóri metur þörf fyrir sérstakan húsnæðisstuðning og skal slíkt mat fara fram innan fjögurra vikna frá því að umsókn berst. Niðurstöður mats eru lagðar fyrir Velferðarnefnd.

III. Skilyrði og viðmiðanir

7. gr.

Skilyrði fyrir samþykki umsóknar

Eftirfarandi eru skilyrði fyrir því að umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning teljist gild og verði tekin til afgreiðslu:

1. Umsækjandi skal eiga lögheimili í Strandabyggð, Kaldrananeshreppi, Árneshreppi eða Reykhólahreppi þegar sótt er um og hafa átt það a.m.k. eitt ár samfleytt áður en umsókn berst.
2. Umsækjandi skal hafa fengið samþykktu umsókn um húsnæðisbætur á grundvelli laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur.
3. Umsækjendur skulu vera orðnir 18 ára á umsóknardegi.
4. Umsækjandi skal eiga fund með starfsmanni félagsþjónustunnar til þess að umsókn hans teljist gild.
5. Umsækjandi um sérstakan húsnæðisstuðning má ekki hafna ódýrari húsaleigukosti sem honum býðst svo framarlega sem hann geti talist viðunandi fyrir fjölskylduna að mati ráðgjafa.
6. Samningur skal liggja fyrir um afnot af íbúðarhúsnæði sem er í sveitarfélaginu.
7. Félagsleg staða umsækjanda og fjölskyldu hans skal metin.
8. Samanlagðar tekjur umsækjanda og annarra heimilismanna, 18 ára og eldri, skulu vera undir efri mörkum skv. viðmiðum 10.gr.
9. Samanlagðar eignir umsækjanda og annarra heimilismanna, 18 ára og eldri, á næstliðnu ári skulu vera undir efri mörkum skv. viðmiðum 10.gr.

8. gr.

Undanþágur frá skilyrðum

Beiðni um undanþágu frá skilyrðum í 7.gr. skal vera skrifleg og rökstudd.

Heimilt er að veita undanþágu frá skilyrðum um lögheimili við eftirfarandi aðstæður:

- Umsækjandi hefur búið í sveitarfélaginu stóran hluta ævi sinnar en flutti tímabundið úr sveitarfélaginu vegna húsnæðisvanda, náms eða vinnu.

Umsóknir um undanþágu skulu afgreiddar af Velferðarnefnd.

IV. Fjárhæðir og greiðsla sérstaks húsnæðisstuðnings

9. gr.

Fjárhæðir við útreikning

Sérstakur húsnæðisstuðningur er reiknaður sem ákveðið hlutfall af húsnæðisbótum þannig að fyrir hverjar 1.000 kr. fær leigjandi 900 kr. í sérstakan húsnæðisstuðning. Þó geta húsnæðisbætur og sérstakur húsnæðisstuðningur aldrei numið hærri fjárhæð en samtals 74.000 kr. Þá geta húsnæðisbætur og sérstakur húsnæðisstuðningur aldrei farið yfir 75% af leigufjárhæð. Sérstökum húsnæðisstuðningi verður ekki beitt til að greiða niður húsaleigu umfram það viðmið að leigjandi beri kr. 40.000 í kostnað af húsaleigu.

10. gr.

Fjárhæðir vegna mats á áhrifum tekna

Við útreikning sérstaks húsnæðisstuðnings skal miða við neðangreind tekjumörk miðað við fjölda heimilismanna. Tekjur undir neðri tekjumörkum skerða ekki rétt til sérstaks húsnæðisstuðnings. Sérstakur húsnæðisstuðningur fellur niður við efri tekjumörk í hverju tilfalli en skerðist hlutfallslega upp að því marki.

Fjöldi heimilis- manna	Neðri tekju- mörk á ári	Efri tekjumörk á ári	Neðri tekju- mörk á mánuði	Efri tekjumörk á mánuði
1	4.000.000	4.775.000	333.333	397.916
2	5.291.000	6.316.137	440.916	526.344
3	6.195.556	7.395.944	516.296	616.328
4 eða fleiri	6.712.411	8.012.940	559.367	667.745

11. gr.

Fjárhæð vegna mats á áhrifum eigna

Við útreikning sérstaks húsnæðisstuðnings er tekið mið af eignum umsækjanda og annarra heimilismanna. Samanlagðar eignir skulu ekki nema hærri fjárhæð en 5.126.000 kr. í lok næstliðins árs.

12. gr.

Greiðsla sérstaks húsnæðisstuðnings

Skilyrði þess að umsækjandi fái greiddan sérstakan húsnæðisstuðning er að hann fái einnig greiddar húsnæðisbætur á grundvelli laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur.

Sérstakur húsnæðisstuðningur greiðist umsækjanda í fyrstu viku hvers almanaksmánaðar.

Stuðningurinn er greiddur eftir á fyrir leigutíma undanfarandi almanaksmánaðar eða hluta úr almanaksmánuði, hefjist leigutími síðar en fyrsta dag almanaksmánaðar eða ljúki fyrir síðasta dag almanaksmánaðar. Samningur sem kann að vera í gildi milli umsækjanda og leigusala eða þriðja aðila um fyrirframgreiðslu húsnæðiskostnaðar breytir engu hér um.

Félagsþjónustunni er heimilt að greiða sérstakan húsnæðisstuðning til leigusala samkvæmt skriflegri beiðni umsækjanda.

Sérstakur húsnæðisstuðningur skal falla niður frá og með næstu mánaðamótum eftir að skilyrði reglna þessara eru ekki lengur uppfyllt. Í þeim tilfellum skal tilkynna umsækjanda afdráttarlaust að fyrirhugað sé að fella niður greiðslur og upplýsa um hvaða ástæður liggja að

baki þeirri ákvörðun. Sérstakur húsnæðisstuðningur skal þó falla niður frá og með þeim degi þegar leigusamningur fellur úr gildi.

13. gr.

Frestun greiðslna

Þegar um er að ræða frestun á greiðslu húsnæðisbóta frá Húsnæðis og mannvirkjastofnun skal félagsþjónustan fresta greiðslu sérstaks húsnæðisstuðnings þar til greiðsla húsnæðisbóta fer fram hjá Húsnæðis og mannvirkjastofnun. Jafnframt er heimilt að fresta greiðslu sérstaks húsnæðisstuðnings þó að greiðsla húsnæðisbóta hafi farið fram enda séu ríkar málefnalegar ástæður fyrir því. Í framangreindum tilfellum skal tilkynna umsækjanda afdráttarlaust að fyrirhugað sé að fresta greiðslu.

14. gr.

Sérstakur húsnæðisstuðningur vegna 15-17 ára barna

Veita skal sérstakan húsnæðisstuðning til foreldra eða forsjáraðila 15–17 ára barna sem leigja herbergi á heimavist, námsgörðum eða á almennum markaði hér á landi vegna náms fjarri lögheimili. Þegar fleiri en einn nemandi leigja saman íbúð getur húsnæðisstuðningur náð til þeirrar leigu enda sé gerður leigusamningur við hvern og einn. Sérstakur húsnæðisstuðningur skal vera óháður tekjum og eignum foreldra eða forsjáraðila og nemur 60% af leigufjárhæð. Fjárhæð styrks skal þó aldrei nema hærri upphæð en 50.000 kr. á mánuði. Lágmarksgreiðsla foreldra eða forsjáraðila skal vera 10.000 kr. á mánuði. Með umsókn um slíkan stuðning skal leggja fram húsaleigusamning og staðfestingu á námi barns. Ákvæði 3.-5. gr. reglna þessara gilda ekki um sérstakan húsnæðisstuðning vegna 15-17 ára barna.

V. Málsmeðferð

15.gr.

Könnun á aðstæðum

Kanna skal aðstæður umsækjanda eins fljótt og unnt er eftir að umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning hefur borist. Félagsþjónustan skal taka ákvörðun í máli svo fljótt sem hægt er og sjá jafnframt til þess að mál séu nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

16. gr.

Samvinna við umsækjanda

Öflun gagna og upplýsinga skal unnin í samvinnu við umsækjanda. Við meðferð umsóknar og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er, að öðrum kosti umboðsmann hans ef við á. Umboðsmaður skal framvísa skriflegu umboði.

17. gr.

Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

18. gr.

Leiðbeiningar til umsækjanda

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður bjóða umsækjanda félagslega og fjárhagslega ráðgjöf og veita upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annarsstaðar.

19. gr.

Rangar og villandi upplýsingar

Sérstakur húsnæðisstuðningur sem veittur er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hálfu umsækjanda er endurkræfur með sama hætti og gildir um fjárhagsaðstoð sbr. 23. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Ef sannreynt er við meðferð máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar á meðan notanda er gefið tækifæri á að leiðrétta eða bæta úr annmörkum.

20. gr.

Niðurstaða

Kynna skal niðurstöðu umsóknar skriflega svo fljótt sem unnt er þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til viðeigandi ákvæða þessara reglna. Um leið skal umsækjanda kynntur réttur hans til áfrýjunar.

21. gr.

Málskot

Telji umsækjandi á rétt sinn hallað skv. reglum þessum er honum heimilt að vísa ákvörðun hlutaðeigandi starfsmanna til Velferðarnefndar innan 4 vikna frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Velferðarnefnd skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun eins fljótt og hægt er. Umsækjandi getur skotið ákvörðun Velferðarnefndar til Úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun Velferðarnefndar.

VI. Upplýsingaskylda, endurskoðun ákvörðunar og endurnýjun umsóknar

22. gr.

Upplýsingar um aðstæður og endurskoðun greiðslna

Umsækjandi verður að fullnægja skilyrðum 7. gr. allt það tímabil sem líður frá umsóknardegi og á meðan á greiðslu sérstakra húsaleigubóta stendur.

Verði breytingar á hjúskaparstöðu, tekjum eða öðrum aðstæðum, þannig að handhafi sérstakra húsaleigubóta uppfylli ekki lengur skilyrði 7. gr., ber honum að tilkynna félagsþjónustunni þar um. Ef skilyrðum er ekki lengur fullnægt er heimilt að stöðva greiðslur sérstaks húsnæðisstuðnings. Heimilt er að endurkrefja handhafa sérstaks húsnæðisstuðnings um greiddan stuðning, komi í ljós að hann hafi leynt upplýsingum um framangreindar breytingar.

23. gr.

Leiðrétting á sérstökum húsnæðisstuðningi

Hafi fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings verið hærri en umsækjandi átti rétt til á tilteknu tímabili ber honum að endurgreiða þá fjárhæð sem ofgreidd var.

Hafi fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings verið lægri en umsækjandi átti tilkall til á tilteknu tímabili ber félagsþjónustunni að greiða þá fjárhæð sem vangreidd var.

24. gr.

Endurskoðun

Rétt til sérstaks húsnæðisstuðnings má endurskoða hvenær sem er og endurreikna fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings þannig að upphæð greiðslu verði í samræmi við þær breytingar sem orðið hafa á aðstæðum umsækjanda og/eða annarra heimilismanna.

25. gr.

Endurnýjun umsóknar

Endurnýja skal umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning á tólf mánaða fresti. Við endurnýjun umsóknar ber að kanna hvort skilyrði og viðmið séu uppfyllt vegna áframhaldandi stuðnings.

26. gr.

Endurskoðun og samþykkt reglna

Reglur þessar voru endurskoðaðar og samþykktar af Velferðarnefnd 27. september 2023 og hafa verið staðfestar af öllum sveitarfélögunum sem standa að Félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps.

Reglur þessar skulu endurskoðaðar eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti og að teknu tilliti til viðeigandi þjónustu- og gæðaviðmiða, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga um málefni fatlaðs fólks, með síðari breytingum.

